



## AÐGANGSREGLUR FYRIR KEFLAVÍKURFLUGVÖLL



## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlugvöll

Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlugvallar

---

### 1. Inngangur

Aðgangsreglur Isavia eru ætlaðar til upplýsinga fyrir einstaklinga og fyrirtæki er þurfa aðgang að haftasvæði Keflavíkurlugvallar.

Í aðgangsreglunum er að finna upplýsingar um aðgangsheimildir fyrir Keflavíkurlugvöll, hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hvaða gögnum þarf að skila til að mega starfa innan haftasvæðis flugverndar. Allar nánari upplýsingar er að finna á skrifstofu aðgangsmála Keflavíkurlugvallar, netfang: [passar@kefairport.is](mailto:passar@kefairport.is) sími: 425-6028.

Reglurnar eru nánari útfærsla á gildandi lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum. Eru reglurnar samdar með tilliti til núgildandi laga um loftferðir og reglugerðar um flugvernd.

**SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll**Samþykktandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurflugvallar

---

**Efnisyfirlit**

1. Inngangur.....	1
2. Orðskýringar.....	3
3. Almennt um aðgangsheimildir einstaklinga.....	4
a. Skráning fyrirtækis.....	4
b. Umsóknarferli.....	4
c. Bakgrunnsskoðun lögreglu.....	5
d. Þjálfun handhafa aðgangsheimilda.....	5
e. Afhending.....	5
4. Aðgangsheimild.....	6
a. Upplýsingar á aðgangsheimild.....	6
b. Skýringar á aðgangsheimildum - svæði.....	6
c. Aðgangsheimild löggæsluaðila.....	7
d. Aðgangsheimild stjórnenda flugverndar.....	7
e. Flugverndarstarfsmaður.....	8
f. Aðgangsheimild – verkfæraheimild.....	8
g. Lykilkort áhafna flugrekenda.....	8
h. Skýringar á aðgangsheimildum – sérstakar heimildir.....	9
i. Skil á aðgangsheimildum.....	9
j. Endurnýjun aðgangsheimilda.....	9
5. Glataðar aðgangsheimildir.....	9
6. Bráðabirgðaheimildir.....	10
a. Undanfari.....	10
b. Umsóknarferli bráðabirgðaheimilda.....	10
c. Afhending.....	11
d. Bráðabirgðaheimild starfsmanna.....	11
e. Bráðabirgðaheimild lögreglu.....	11
7. Aðgangsheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar.....	12
a. Almennar aðgangsheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar [...].....	12
b. Bráðabirgðaheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar [...].....	13
8. Viðurlög.....	13
9. Fylgiskjöl.....	13

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlugvöll

Samþykktandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlugvallar

---

### 2. Orðskýringar

**Aðgangseftirlit/aðgangsstýring:** Beiting aðgerða til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi aðila og/eða óleyfilegra ökutækja.

**Aðgangsheimild:** Almenn aðgangsheimild er gefin út sem aðgangskort með mynd og upplýsingum um viðkomandi. Almenn aðgangsheimild er gefin út til þeirra sem eiga lögmætt erindi inn á haftasvæði flugverndar. Aðgangsheimildin er gefin út til að hámarki fimm ára. Ef um er að ræða sérverkefni, þ.e. tímabundin verkefni, þá er aðgangsheimild gefin út með skemmri gildistíma.

**Aðgangsheimild fyrir ökutæki:** Aðgangsheimild er gefin út fyrir ökutæki ef sýnt er fram á lögmætt erindi og nauðsyn notkunar þess vegna starfsemi aðila á flugvellinum. **Aðgangsheimildin er gefin út í eitt ár í senn.**

**Almenningsvæði:** hlutar flugvallar, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þeim sem eru ekki flugsvæði.

**Bakgrunnsathugun (framkvæmd af lögreglu):** Athugun á því hver einstaklingur er og upplýsingum lögreglu um sakaferil hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotiferil að baki, sem lið í mati á því hvort óhætt er að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar og viðkvæmum trúnaðarupplýsingum um flugvernd.

**Bráðabirgðaheimild starfsmanns:** Einstaklingur með gilda aðgangsheimild sem einhverra hluta vegna er ekki með aðgangsheimildina meðferðis getur fengið útgefna bráðabirgðaheimild og dvalið innan haftasvæðis flugverndar án fylgdar ábyrgðarmanns.

**Bráðabirgðaheimild:** Bráðabirgðaheimild er ætluð aðilum sem þurfa aðgang að haftasvæði flugverndar í stuttan tíma.

**FLE:** Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

**Flugsvæði:** Athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu þar sem aðgangur er takmarkaður.

**Haftasvæði flugverndar:** Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Þessi svæði ná að jafnaði m. a. yfir öll brottfararsvæði farþega á milli gátstöðvar og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæða farangurs, farangursskála, pósthöfva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvallarbirgðir.

**Lögmætt erindi:** Erindi telst lögmætt þegar einstaklingur þarf sannarlega aðgang að haftasvæði flugverndar, t.d. ef einstaklingur er starfsmaður hjá fyrirtæki með starfsemi á Keflavíkurlugvelli.

**Lykilkort áhafna flugrekanda:** Sérstök lykilkort eru gefin út af hálfu Isavia til handa áhöfnum flugrekanda sem veitir aðgang að aðgangsstýrðum hurðum í FLE. Lykilkort eru gefin út til að hámarki fimm ára.

**Umboð til undirskrifta:** Tilnefndur ábyrgðarmaður viðkomandi fyrirtækis er hefur umboð til undirskrifta á umsókn um aðgangsheimild fyrir hönd viðkomandi fyrirtækis.

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlflugvallar

---

### 3. Almennt um aðgangsheimildir einstaklinga

Allir sem starfa á haftasvæði flugverndar á Keflavíkurlflugvelli eða eiga þangað lögmætt erindi skulu hafa útgefna aðgangsheimild. Lögmætt erindi er þegar einstaklingur þarf aðgang vegna ferðalags, vinnu, þjálfunar eða í upplýsinga- eða menntunarskyni. Aðgangsheimild skal vera sýnileg öllum stundum á meðan dvalið er innan haftasvæðis.

Aðgangsheimildir eru tvenns konar: Almenn aðgangsheimild og bráðabirgðaheimild.

- Almenn aðgangsheimild er fyrir starfsmann sem vinnur á flugvöllinum eða einstakling er þarf starfs síns vegna aðgang að haftasvæði flugverndar. Aðgangsheimildin er gefin út til allt að fimm ára fyrir þau svæði sem starfsmaður þarf vinnu sinnar vegna.
- Bráðabirgðaheimild er fyrir einstakling sem þarf aðgang að haftasvæði flugverndar í stuttan tíma. Þessir aðilar þurfa ekki að sitja námskeið í flugverndarvitund en þess í stað þarf fylgdarmann með almenna aðgangsheimild til að fylgja viðkomandi allan tímann sem dvalið er innan haftasvæðis.
- Bera skal aðgangsheimild að aðgangslésara á gátstöðvum til að fá staðfest að aðgangsheimildin sé virk í rafrænu aðgangsstýrikerfi flugvallarins. Sýna skal flugverndarstarfsmönnum aðgangsheimildina þegar þess er óskað.
- Handhafa er óheimilt að nota aðgangsheimild í öðrum erindagjörðum en vinnu sinnar vegna.
- Einstaklingur með gilda aðgangsheimild, sem dvelur á haftasvæði flugverndar sem farþegar hafa ekki aðgang að, skal tilkynna til öryggisstjórnstöðvar um einstakling sem ekki er með aðgangsheimild sýnilega. Slík atvik skal tilkynna til öryggisstjórnstöðvar flugverndar í síma 425 6210.

#### a. Skráning fyrirtækis

Áður en fyrirtæki hefur starfsemi á Keflavíkurlflugvelli skal stjórnandi eða ábyrgðarmaður viðkomandi fyrirtækis fylla út og skila inn eyðublaði sem nefnist „umsóknareyðublað fyrirtækja“. Eyðublaðið er hægt að fá afhent á skrifstofu aðgangsmála en einnig er hægt að nálgast rafræna útgáfu eyðublaðs á heimasíðu Keflavíkurlflugvallar. Umsókn skal skila til skrifstofu aðgangsmála þar sem afgreiðsla fer fram.

#### b. Umsóknarferli

Vegna umsóknar um almenna aðgangsheimild skal skila inn eftirfarandi gögnum til skrifstofu aðgangsmála Keflavíkurlflugvallar:

- Útfylltri umsókn um aðgangsheimild
- Eyðublaði vegna bakgrunnsskoðunar
- Ljósriti af skilríki (vegabréfi eða ökuskírteini)
- Sakavottorði eða sambærilegu vottorði hafi umsækjandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum 5 árum.
- Staðfesting vegna verkfæraleysis ef við á.

**SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll****Samþykkjandi:** Flugverndarstjóri Keflavíkurflugvallar

---

**c. Bakgrunnsskoðun lögreglu**

Áður en almenn aðgangsheimild er gefin út þarf að liggja fyrir bakgrunnsskoðun lögreglu.

- Hafi viðkomandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum 5 árum skal hann leggja fram gögn sem óskað er eftir til þess að unnt sé að leggja mat á umsókn hans, þ.m.t. sakavottorð eða sambærileg vottorð frá erlendu stjórnvaldi þar sem hann hefur verið búsettur eða dvalið. Erlendur ríkisborgari skal leggja fram sakavottorð eða sambærilegt skjal frá heimaríki eða því ríki sem viðkomandi hefur haft búsetu í síðastliðin 5 ár áður en hann fluttist til Íslands. Sakavottorð skal dagsett innan þriggja mánaða frá dagsetningu umsóknar.
- Ef umsækjandi stenst ekki bakgrunnsskoðun lögreglu er honum synjað um almenna aðgangsheimild að flugvellinum.

Umsókn um bakgrunnsskoðun og aðgang að haftasvæði flugvallarins fellur niður hafi umsækjandi ekki sótt aðgangsheimild sína 6 mánuðum eftir að hann lýkur námskeiði.

**d. Þjálfun handhafa aðgangsheimilda**

Allir þeir sem eru að fara starfa innan haftasvæðis flugverndar skulu ljúka námskeiði um flugverndarvitund. Hafi umsækjandi staðist bakgrunnssathugun lögreglu fær hann staðfestingu í tölvupósti ásamt lykilorði að rafrænu flugverndarvitundarnámskeiði.

Þegar umsækjandi hefur lokið námskeiði, staðist próf og öðlast haldgóða þekkingu á flugvernd getur hann sótt aðgangsheimild sína á skrifstofu aðgangsmála.

**e. Afhending**

Aðgangsheimildir eru afhentar á skrifstofu aðgangsmála á Keflavíkurflugvelli. Aðgangsheimild skal vera sótt af umsækjanda. Umsækjandi skal hafa meðferðis persónuskilríki og framvísa þeim við afhendingu aðgangsheimildar.

Ef aðgangsheimild er ekki notuð í 6 mánuði verður hún óvirk og þá þarf viðkomandi að taka rafrænt námskeið í flugverndarvitund áður en aðgangsheimild er gerð virk að nýju.

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

Sampykkjandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlflugvallar

### 4. Aðgangsheimild


Almenn aðgangsheimild er gefin út með mynd og upplýsingum um viðkomandi.

#### a. Upplýsingar á aðgangsheimild

Aðgangsheimild hefur mismunandi liti eftir starfi einstaklinga. Í aðgangsheimild eru ferningar með litum og táknum sem skilgreina þau svæði sem heimildin nær til.

Á framhlið eru eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Ljósmynd af handhafa
- 2) Svæði er handhafi hefur aðgang að
- 3) Nafn handhafa eða númer lögreglumanns eða tollvarðar
- 4) Gildistími aðgangsheimildar
- 5) Númer aðgangsheimildar
- 6) Nafn vinnuveitanda
- 7) Merki Isavia






#### b. Skýringar á aðgangsheimildum - svæði

Mismunandi litur efst á aðgangsheimild segir til um hvaða svæði viðkomandi fær aðgang að:

Öll haftasvæði flugverndar á Keflavíkurlflugvelli

Haftasvæði flugverndar innan FLE


Haftasvæði flugverndar utan FLE



**SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll**Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlflugvallar


---

## c. Aðgangsheimild löggæsluaðila



Skilgreindir löggæsluaðilar samkvæmt Flugverndaráætlun Íslands eru lögregla, tollgæsla og landhelgisgæsla. Sömu aðilar geta einnig verið undanþegnir skimun **og með heimild til að bera vopn** samkvæmt Flugverndaráætlun Ísland og er þá svartur depill í aðgangsheimild viðkomandi.

## d. Aðgangsheimild stjórnenda flugverndar




Stjórnendur flugverndarmála, s.s. flugverndarstjóri og deildarstjóri flugverndardeildar á Keflavíkurlflugvelli, hafa rauða aðgangsheimild.



**SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll**


Sampykkjandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlflugvallar

## e. Flugverndarstarfsmaður



Flugverndarstarfsmaður sem sinnir m.a. aðgangsstjórnun og skimun.


## f. Aðgangsheimild – verkfæraheimild



Verkfæraheimild einstaklinga er skilgreind með gulum lit.

Fyrirtæki með starfsleyfi innan haftsvæðis flugverndar og starfsmenn þess geta sótt um leyfi sem heimilar þeim að taka með sér og geyma verkfæri innan haftsvæðis.

## g. Lykilkort áhafna flugrekenda



Áhafnir flugrekenda bera sérstök áhafnarskírteini sem veita aðgang að haftsvæði flugverndar á Keflavíkurlflugvelli. Sérstök lykilkort eru gefin út af hálfu Isavia til handa áhöfnum flugrekenda sem veitir aðgang að aðgangsstýrðum hurðum í FLE.

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

Sampykkjandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlflugvallar

---

### h. Skýringar á aðgangsheimildum – sérstakar heimildir

[...]

- Undanþága frá skimun **og heimild til að bera vopn.**
- 3 Starfsmaður sem má taka á móti vöru, fylgja vöru á starfsstöð sína og skima vöruna.
- 4 Starfsmenn sem hafa heimild til að opna hurðir á milli haftasvæða

[...]

### i. Skil á aðgangsheimildum

Aðgangsheimild starfsmanns skal tafarlaust skilað af vinnuveitanda eða starfsmanni til skrifstofu aðgangsmála ef:

- Isavia óskar þess
- um starfslok er að ræða
- skipt er um vinnuveitanda
- þörfin á aðgangi að svæðum sem heimild hefur verið gefin fyrir breytist
- gildistími aðgangsheimildar rennur út, eða
- aðgangsheimild er afturkölluð.

### j. Endurnýjun aðgangsheimilda

Æskilegt er að sækja um endurnýjun aðgangsheimilda eigi síðar en þremur mánuðum áður en heimild rennur úr gildi. Skila þarf inn sömu gögnum og þegar aðgangsheimild var fyrst gefin út sbr. kafla 3.b. Umsóknarferli.

## 5. Glataðar aðgangsheimildir

Ef aðgangsheimild glatast skal tilkynna það til skrifstofu aðgangsmála í síma 425-6028 eða á netfangið [passar@kefairport.is](mailto:passar@kefairport.is).

Ef glötuð aðgangsheimild finnst skal skila henni tafarlaust til flugverndarstarfsmanna.

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll

Samþykktandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurflugvallar

---

### 6. Bráðabirgðaheimildir

Einstaklingur með gilda aðgangsheimild að haftasvæði flugverndar sem hefur lokið námskeiði um ábyrgð og skyldur fylgdarmanns getur óskað eftir heimild til að taka með sér aðila inn á svæðið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sjá hér að neðan. Um getur verið að ræða gest fyrirtækis, verktaka eða aðra sem eiga lögmætt erindi inn á svæðið.

#### a. Undanfari

- Einungis samþykktur aðili sem hlotið hefur heimild flugverndardeildar sem fylgdarmaður má taka með sér gest inn á haftasvæði flugverndar. Fylgdarmaður skal vera handhafi almennrar aðgangsheimildar, hann ber fulla ábyrgð á gesti sínum og skal ávallt hafa hann í sjónlínu og fylgja honum á meðan dvalið er innan haftasvæðis flugverndar. Fylgdarmaður skal sjá til þess að gestur hans brjóti ekki flugverndarreglur flugvallarins eða gildandi reglur.
- Stjórnandi sem til þess hefur heimild skal sækja um fyrir hönd síns fyrirtækis eða stofnunar vegna starfsmanna sinna sem þurfa að hljóta stöðu fylgdarmanns.
- Áður en einstaklingur getur fengið heimild til fylgdar skal hann ljúka námskeiði þar sem farið er yfir þá þætti er snúa að fylgdinni, ábyrgð og verklagi ásamt þeim viðurlögum sem kann að vera beitt við brotum á verklagi.
- Einstaklingi með fylgdarheimild er heimilt að fylgja allt að fimm (5) gestum í einu.
- Einstaklingi er heimilt að ábyrgjast fleiri gesti í rútu en skilyrði er að gestirnir yfirgefi ekki rúttuna á meðan ekið er innan viðkvæmasta haftasvæðis flugverndar. Stjórnendum flugverndardeildar er heimilt að veita undanþágu frá fjölda gesta á hvern ábyrgðarmann ef sérstakar ástæður liggja að baki.
- Gestur í boði fyrirtækis eða stofnunar með starfsemi innan haftasvæðis flugverndar getur fengið tímabundinn aðgang með gildistíma þann tíma sem heimsóknin stendur yfir en þó í að hámarki 15 daga. Standi verkefni lengur en í 15 daga skal viðkomandi aðili sækja um aðgangsheimild að Keflavíkurflugvelli.
- Stjórnendum flugverndardeildar er heimilt að framlengja bráðabirgðaheimild umfram 15 daga ef sérstakar ástæður liggja að baki.

#### b. Umsóknarferli bráðabirgðaheimilda

- Sækja skal um bráðabirgðaheimild með rafrænum hætti á heimasíðu Keflavíkurflugvallar.
- Á umsókn skal koma fram m.a.:
  - Upplýsingar um umsækjanda og ábyrgðarmann
  - Ef gesturinn er erlendur ríkisborgari skal senda vegabréfsnúmer í stað kennitölu
  - Tilgangur heimsóknar, hvert ferð er heitið og áætlaða tímalengd
  - Hvar á að afhenda umsókn, þ.e. á skrifstofu aðgangsmála, Gullnahliði eða Silfurhliði.
- Æskilegt er að sækja um bráðabirgðaheimild með 24 klukkustunda fyrirvara. Slíkur fyrirvari auðveldar afgreiðslu og kemur í veg fyrir óþarfa tafir. Sendandi fær staðfestingu ef umsókn uppfyllir öll skilyrði.

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

**Samþykkiandi:** Flugverndarstjóri Keflavíkurlflugvallar

### c. Afhending

- Afhending bráðabirgðaheimilda fer fram á skrifstofu aðgangsmála, í Gullnahliði eða Silfurhliði.
- Áður en bráðabirgðaheimild er afhent skal umsækjandi framvísa gildum persónuskilríkjum, t.d. ökuskríteini, og staðfesta móttöku á bráðabirgðaheimildinni og skilning sinn á þeim reglum sem um heimildina gilda.
- Ábyrgðarmaður skal undirrita umsóknareyðublaðið og með því staðfesta ábyrgð sína á gestinum.
- Að heimsókn lokinni skal skila bráðabirgðaheimild til skrifstofu aðgangsmála. Utan opnunartíma skal skila bráðabirgðaheimild á næstu gátstöð. Sé bráðabirgðaheimild ekki skilað getur það leitt til synjunar á frekari útgáfu.



### d. Bráðabirgðaheimild starfsmanna

- Starfsmaður með gilda aðgangsheimild sem einhverra hluta vegna er ekki með aðgangsheimildina meðferðis getur fengið útgefna bráðabirgðaheimild og dvalið innan haftasvæðis flugverndar án fylgdar ábyrgðarmanns. Yfirmaður skal staðfesta að um starfsmann er að ræða.
- Að öðru leyti gilda sömu reglur um útgáfu og á bráðabirgðaheimild fyrir gesti, sbr. áðurgreint.



### e. Bráðabirgðaheimild lögreglu



Bráðabirgðaheimild fyrir lögregluna á Suðurnesjum, flugvallardeild.

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

Sampykkjandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurlflugvallar

### 7. Aðgangsheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar

Aðeins er heimilt að gefa út aðgangsheimild fyrir ökutæki og vinnuvélar ef sýnt er fram á lögmeðtt erindi og nauðsyn notkunar vegna starfsemi aðila á flugvöllum.

#### a. Almennar aðgangsheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar [...]

- Sótt er aðgangsheimild fyrir ökutæki og endurnýjun aðgangsheimildar fyrir ökutæki með rafrænum hætti á heimasíðu Keflavíkurlflugvallar. Þar þarf að fylla út í alla reiti og útskýra hvert erindi ökutækisins er inn á haftasvæði flugverndar. Staðfesting er svo send rafrænt og hægt er að sækja aðgangsheimild á skrifstofu aðgangsmála.
- Ökutæki og vinnuvélar sem eru einungis notaðar innan flugvallargirðingar og hafa ekki leyfi til aksturs á opinberum vegum er undanþegin aðgangsheimild að því tilskildu að þau séu greinilega merkt að utanverðu sem ökutæki sem notuð eru við starfsemi á Keflavíkurlflugvelli.
- **Aðgangsheimild er gefin út í eitt ár í senn fyrir þau svæði sem ökutækið þarf.**
- Aðgangsheimild [...] skal geymd á sýnilegum stað neðst á framrúðu í þar til gerðum vasa.
- Hver sá sem þarf að aka inni á flugvöllum þarf að ljúka tilheyrandi akstursleyfi. Akstursleyfin eru þrjú, A-, B- og C- akstursleyfi, og eru þau svæðaskipt. [...]
  - A leyfi: Akstur á flughlaði og aðliggjandi þjónustusvæðum
  - B leyfi: Sama og í A auk akbrauta
  - C leyfi: Akstur á öllu flugvallarsvæðinu, flugbrautir þar meðtaldar
- Fyrir hvert akstursleyfi þarf að ljúka námskeiði, verklegri kennslu og hæfnismati. Akstursleyfi þarf að endurnýja á sama tíma og starfsmaður klárar endurmenntun flugverndarvitundar. Gildistími er því að hámarki fimm ár. Útnefna þarf aðila hjá hverju fyrirtæki sem hefur yfirsýn yfir akstursleyfi sinna starfsmanna. Þessi aðili sendir fyrirspurnir beint á skrifstofu aðgangsmála á [akstursleyfi.kef@isavia.is](mailto:akstursleyfi.kef@isavia.is).

#### Dæmi um útlit aðgangsheimilda fyrir ökutæki:



Vinnuvélar undirvertaka með takmarkaðan starfstíma

## SK760 05 - 4 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll

Samþykktandi: Flugverndarstjóri Keflavíkurflugvallar

---

### b. Bráðabirgðaheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar [...]

- [...]
- Sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir ökutæki með rafrænum hætti á heimasíðu Keflavíkurflugvallar. Á umsókn þarf m.a. að koma fram:
  - Nafn fyrirtækis, nafn umráðamanns, hvert erindið er, hvar það fer fram og áætlaður tími verks.
  - Hvar á að afhenda bráðabirgðaheimild: á skrifstofu aðgangsmála, í Gullnahliði eða Silfurhliði.
- Tryggja skal að notkun ökutækisins byggi á lögmætu erindi og sé réttlætanlegt á haftasvæði flugverndar.
- Æskilegt er að sækja um bráðabirgðaheimild með sólarhrings fyrirvara til að koma í veg fyrir óþarfa tafir við afgreiðslu. Sendandi fær staðfestingu ef umsókn uppfyllir öll skilyrði.
- Bráðabirgðaheimild ökutækja skal að öllu jöfnu ekki gilda lengur en í 24 klukkustundir.
- Heimilt er að gefa út bráðabirgðaheimild fyrir ökutæki að hámarki 15 daga á ári. Stjórnendum flugverndardeildar er heimilt að framlengja bráðabirgðaheimild umfram 15 daga ef sérstakar ástæður liggja að baki.
- Öllu jöfnu er bráðabirgðaheimild fyrir ökutæki ekki veitt einstaklingi sem sjálfur er með bráðabirgðaheimild. Stjórnendum flugverndardeildar er heimilt að veita undanþágu frá þessu. Í slíkum tilvikum skal ábyrgðarmaður einstaklings vera með hann í fylgd enda ber honum að fylgja gesti sínum meðan dvalið er innan viðkvæmasta haftasvæðis flugverndar. Fyrir hvern einstakling með bráðabirgðaheimild og bráðabirgðaheimild fyrir ökutæki skal vera einn ábyrgðarmaður.
- Bráðabirgðaheimild fyrir ökutæki skal geymd á sýnilegum stað ofan á mælaborði.

[...]

## 8. Viðurlög

Við öll brot á aðgangsreglum þessum er send formleg viðvörðun til vinnuveitanda / ábyrgðarmanns þar sem fram koma upplýsingar um brotið og þann einstakling sem brotið varðar. Jafnframt skal óska eftir skýringum á því hvers vegna brotið átti sér stað og til hvaða ráðstafana viðkomandi vinnuveitandi / ábyrgðarmaður muni grípa til að koma í veg fyrir að sambærileg brot endurtaki sig.

Við endurtekin eða meiriháttar brot er, auk ofangreinds, viðkomandi einstaklingi gert að sækja tilhlyðilega endurmenntun.

Við endurtekin eða meiriháttar brot er, auk ofangreinds, heimilt að svipta einstakling aðgangsheimild að haftasvæði, tímabundið eða að fullu, vegna brota á lögum og reglum, þ.m.t. settum reglum Keflavíkurflugvallar, ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans varhugavert að hann noti heimildina. Ákvörðun um sviptingu skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum áður en ákvörðun er tekin.

## 9. Fylgiskjöl

Öll fylgiskjöl eru að finna á heimasíðu Keflavíkurflugvallar.